
ÞJÓÐVILJINN
Miðvikudagur 24. nóvember 1976

Aðalsími Þjóðviljans er 81333 kl. 9-21 mánudaga til föstudaga, kl. 9-12 á laugardögum og sunnudögum.
Utan þessa tíma er hægt að ná í blaðamenn og aðra starfsmenn blaðsins í þessum símum Ritstjórn 81382, 81527, 81257 og 81285, útbreiðsla 81482 og Blaðaprent 81348.

☎ 81333

Einnig skal bent á heimasíma starfsmanna undir nafni Þjóðviljans í símaskrá.



Guðjón Jónsson.



Snorri Jónsson.

Guðjón Jónsson, nýkjörinn form. Málm- og skipasmiðasambandsins:

150% hærra kaup á Norðurlöndunum

Athugum uppsögn gildandi kjarasamninga

„Þegar sú staðreynd blasir við, að kaup málmiðnaðarmanna á Norðurlöndum er orðið 150% hærra en kaup málmiðnaðarmanna hér, en verðlag svipað eða lægra ytra og þegar við þetta bætist svo að gengisfelling hér á landi gagnvart dollar er 11% og að meðaltali 8,5% frá því síðustu kjarasamningar voru gerðir, ætti engan að undra, þótt verkalýðshreyfingin taki til alvarlegrar athugunar að segja samningunum upp áður en gildistími þeirra rennur út 1. maí nk. Það er ákvæði í samningunum, sem segir að hægt sé að segja þeim upp verði veruleg gengisbreyting og mér finnst að eigi að taka þetta mál til mjög alvarlegrar athugunar," sagði Guðjón Jónsson, sem um síðustu helgi var kjörinn formaður Málm og skipasmíðasambands Íslands, er við ræddum við hann í gær.

Guðjón tekur við stjórn sambandsins af Snorra Jónssyni, sem verið hefur formaður þess frá upphafi. Snorri setti þingið 19. nóv. og minntist látinna félaga. Eftir að skeyti með árnaðaróskum höfðu verið lesin upp, inntaka 3ja nýrra félaga hafði verið samþykkt, forseti þingsins kjörinn, en það var Kristján Ottosson, blikksmiður, varaforseti Ástvaldur Andrésson og ritarar Hafsteinn Guðmundsson, járnsmiður, og Jökull Guðmundsson vélvirki, flutti Snorri Jónsson skýrslu stjórnar.

Helstu málaflokkar sem miðstjórn sambandsins undirbjó og lagði fyrir þingið og sem þingið ræddi og gerði ályktanir um voru: Atvinnu og kjaramál, vinnuverndarmál, frumvarp að breyttri vinnulöggjöf, fræðslumál, stefnuyfirlýsing ASÍ, reglugerð lífeyrissjóðs málm og skipasmiða, fjárhagsáætlun MSÍ fyrir næstu tvö ár.

Í stjórn Málm og skipasmiðasambandsins til næstu tveggja ára voru kjörnir:

Miðstjórn: Formaður: Guðjón Jónsson, járnsmiður. Varaformaður: Guðmundur Hilmarsson, bifvélavirki. Ritari: Tryggvi Benediktsson, járnsmiður. Vararitari: Ástvaldur Andrésson, bifreiðasmiður. Gjaldkeri: Helgi Arnlaugsson, skipasmiður. Meðstjórnendur: Kristján Ottósson, blikksmiður, Halldór Hafsteinsson, bílamálari. Varamenn í miðstjórn: Snorri Jónsson, járnsmiður, Sigurður Óskarsson, bifvélavirki, Guðmundur S.M. Jónasson, járnsmiður.

Aðrir í sambandsstjórn: Hákon Hákonarson, Akureyri, Friðrik Gíslason, Vestmannaeyjum, Kjartan Guðmundsson, Akranesi, Kristján Guðmundsson, Selfossi, Sigurður Björnsson, Neskaupstað, Björn Lindal, Húsavík, Jón Haukur Aðalsteinsson, Keflavík, Jökull Jósefsson, Ísafirði,

Varamenn: Stefán Bragason, Akureyri, Gísli Bjarnason, Borgarnesi, Metúsalem Ólason, Egilsstöðum, Jónatan Eiríksson, Akranesi.

Í stjórn Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða var kosin Sigurgestur Guðjónsson, bifvélavirki og til vara Guðjón Jónsson, járnsmiður.

Snorri Jónsson og Sigurgestur Guðjónsson, báðust eindregið undan endurkjöri í aðalstjórn.

Í þinglok var Snorra Jónssyni, fráfarandi formanni, og Sigurgesti Guðjónssyni fráfarandi ritara þökkuð sérstaklega ágæt störf í þágu Málm- og skipasmiðasambands Íslands, en þeir hafa báðir átt sæti í miðstjórn sambandsins frá upphafi, eða í tólf ár. Báðir unnu þeir að stofnun sambandsins.

— S.dór

ER KATLA KOMIN AÐ GOSI?


Jarðskjálftarnir á svæðinu öðru vísi í ár en sl. 5 ár - Þori engu að spá, segir dr. Sigurður Þórarinsson

— Það er afar erfitt að segja til um hvað það merkir, að skjálftarnir á Kötlusvæðinu eru með öðru móti nú en undanfarin ár og ég þori engu að spá, en gleymum því ekki að Katla er búin að ganga nokkuð lengi með og eins gott að vera við öllu búinn,' sagði Sigurður Þórarinsson, jarðfræðingur, er við spurðum hann hvort breytingarnar á skjálftum á svæðinu gætu merkt eitthvað sérstakt.

Einar bóndi Einarsson á Skammadalshóli í Mýrdal, sem manna best hefur fylgst með öllum jarðhræringum á Kötlusvæðinu sl. fimm ár, sagði í viðtali við Þjóðviljann í gær, að það hafi verið árvisst undanfarin ár, að jarðskjálftahrinur kæmu á svæðinu.

Þær hafa verið með líku sniði sl. fimm ár, en nú bregður útaf. Í fyrsta lagi hafa komið nokkrir sterkir kippir, allt að 4 stigum, en svo sterkir kippir hafa ekki mælst sl. ár, og nú síðan um helgi hefur verið mjög mikið um smá skjálfta, sem eru svo vægir að þeir rétt mælast á jarðskjálftamælana á svæðinu að sögn Einars á Skammadalshóli.

Einar tók fram að sér þætti þetta dálítið einkennilegt borið saman við skjálftana undanfarin ár. Hann sagði að skjálftarnir



Dr Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur

síðan um helgi hefðu átt upptök sín vestan í Mýrdalsjökli og hefðu sumir verið svo vægir að þeir hefðu komið fram á mælinum í Selkoti, sem er vestar en Skammadalshóll og aðeins mælst þar, ekki verið merkjanlegir á mælinum að Skammadalshóli.

Dr. Sigurður Þórarinsson sagði, að nokkuð hefði verið um jökulbresti í Mýrdalsjökli í haust og að hugsanlegt væri að þessi litli titringur sem mælst hefði undanfarið væri vegna þeirra; þó væri það alls ekki víst.

Einar Einarsson sagði menn þar eystra furðu rólega. „Við vitum að Katla getur gosið hvenær sem er og það er ekki um annað að gera en taka því sem að höndum ber," sagði Einar.

—S.dór

Neyðarástand á sjúkrahúsum Reykjavíkur:

„Höfum beðið í fimm ár eftir leiðréttingunum"

segja röntgentæknar, sem eru nú atvinnulausir

Tólf af fimmtán röntgentæknum í Reykjavík mæla nú göturnar atvinnulausir og er ástæðan sú, að þeir sögðu í sumar upp vinnu með löglegum fyrirvara og hættu síðan vinnu klukkan tólf á miðnætti aðfaranætur laugardagsins síðasta. Höfðu röntgentæknar þá setið á ströngum fundi með formanni BSRB og formanni starfsmannafélags ríkisins. Sá fundur bar engan árangur, röntgentæknar fengu ekki leiðréttingu sinna mála og hættu því vinnu er hinn löglegi uppsagnarfrestur rann út.

Í gær ræddi Þjv. við þær Ingu Valborgu Einarsdóttur og Þórunni Guðmundsdóttur, en þær eiga báðar sæti í stjórn Röntgentæknafélags Íslands. Sögðu þær að eina krafa röntgentækna væri sú, að fá sömu laun og röntgenhjúkrunarkonur, enda ynnu þær nákvæmlega sömu störf. Þessi krafa hefði ásamt fleirum verið á oddinum sl. fimm ár en aldrei fengist nein leiðrétting.

Þær stöllur vildu ekkert segja um hvort þær tækju aftur upp fyrri störf, en lögðu á það áherslu að þær væru atvinnulausar og væntanlega myndi hver og ein ráða sig í einhver störf á hinum almenna vinnumarkaði. Vilji af hálfu opinberra aðila til samninga virtist ekki vera fyrir hendi.


Að lokum tóku þær Inga og Þórunn fram að röntgentæknar hefðu boðist til að sinna neyðarvöktum, t.d. á slysadeild, án þess að gera neinar ákveðnar kaupkröfur, en ekki virtist hins vegar vera áhugi á því að taka því tilboði þeirra.

Þjóðviljinn mun á morgun birta ýtarlega greinargerð frá Röntgentæknafélagi Íslands um þessar fjöldauppsagnir.

—gsp

Fróðleg skipulagssýning opnuð í dag

Borgin sýnir á Kjarvalsstöðum



Unnið að uppsetningu skipulagssýningarinnar í gær.

Í kvöld mun Reykjavíkurborg opna fyrir almenning sýningu á Kjarvalsstöðum, þar sem á veggjum hanga vel unnar myndir og uppdrættir af framtíðarskipulagi borgarinnar. Hefur Þróunarstofnun Reykjavíkurborgar öðrum fremur lagt fram efni til sýningarinnar og séð um uppsetningu hennar.

Skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar hefur undanfarið unnið að endurskoðun á umferðarkerfi aðalskipulagsins, sem fæddist árið 1967. Er á sýningunni að Kjarvalsstöðum að finna marga fróðlega uppdrætti, sem m.a. sýna nýjustu breytingar skipulagsnefndar á aðalskipulaginu.

Ýtarlegar skýringar eru við hvern uppdrátt og hverja mynd og er því auðvelt fyrir fólk að glöggva sig á um hvað málið snýst, en slíkt hefur oft verið erfitt þegar teikningar arkitektanna eru bornar á borð án skýringa.

Sýningin að Kjarvalsstöðum verður opin næstu vikurnar á venjulegum opnunartíma hússins.

—gsp

Kvöldvaka herstöðvaandstæðinga

Hverfissamtök herstöðvaandstæðinga í Smáíbúðahverfi efna til kvöldvöku í Þjóðviljahúsinu nýja, Síðumúla 6, í kvöld, miðvikudag kl. 20.30.

Þar gerist það helst tíðinda að flutt verður dagskrá þar sem fléttað er saman köflum úr leyniskýrslum um viðræður íslenskra ráðamanna við bandaríska 1949 og sungnum köflum úr Sóleyjarkvæði Jóhannesar úr Kötlum. Einnig mun Kristján Guðlaugsson koma fram og syngja.

Aðgangur er ókeypis og hvetja herstöðvaandstæðingar liðsmenn sína og stuðningsmenn til að fjölmenna.